

Starfsskýrsla fimleikadeildar Aftureldingar 2003-2004

1. Haldnir voru 8 stjórnarfundir á starfsárinu.
2. Farnar voru 3 gryfjuferðir á starfsárinu, 2 í Gróttu og 1sinni hjá Ármanni.
3. Vorsýningin var haldin sunnudaginn 27. apríl 2003. Sumarstarfi var haldið, tveggja vikna frí var þó í júlí 2003.
4. Helgina 28.-30. nóvember 2003 fóru 6 stelpur frá Aftureldingu á 1. þreps mót á Egilsstöðum. Þar fengu tvær stelpur verðlaun, Kristín Kristmundsdóttir 2 gull og 1 silfur annað gullið var fyrir að vera hæðst yfir mótið og Herdís Harðardóttir 1 silfur. Allar stúlkurnar stóðu sig vel á mótinu.
5. Fjölskyldudagur fimleikadeildarinnar var laugardaginn 18. október 2003, var hann mjög vel sóttur.
6. Jólasýning fimleikadeildarinnar var sunnudaginn 14. desember 2003, kynnr sýningarinnar var Beggó. Var sýningin vel sótt er jafnvel spurning að fara í stærri sal fyrir næstu sýningu sem verður í vor.
7. Meistaramót FSÍ í 1. þrepi(einungis 10 efstu stelpurnar á landinu) var haldið 8. febrúar 2004, einn þáttakandi var frá Aftureldingu, Kristín Kristmundsdóttir varð hún í 1. sæti og þar með Íslandsmeistari.
8. Hamarsmót var í Hveragerði 14. febrúar 2004, 11 stúlkur fóru frá Aftureldingu, þar af 2 stúlkur í 1. þrep og vann Lára Kristín Pedersen það, og 9 í 1. þrep B þar var Sveinbjörg Lilja Guðrúnardóttir í 1. sæti, Ísabella Ýr Finnsdóttir og Díana Mjöll Stefánsdóttir í 2-3 sæti og Málfríður Jökulsdóttir í 4.sæti. Allar stúlkurnar stóðu sig vel á mótinu.

Fyrir hönd stjórnar fimleikadeildar Aftureldingu

Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir
Formaður Fimleikadeildar Aftureldingar